

Helena Stefánsdóttir

Frá: Ólöf Harðardóttir <olof@uua.is>
Sent: 14. mars 2019 15:33
Til: USK Skipulag
Afrit: Harri Ormarsson; Erna Hrönn Geirsdóttir; Björgvin Rafn Sigurðarson; Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Efni: Tilkynning um stjórnslukæru 20/2019
Viðhengi: 14.3.2019 - Kæran 20/2019 - (Ó.H.).pdf; 14.3.2019 - Scan_uuaolof_201903140348_001.pdf - (Ó.H.).pdf; 14.3.2019 - Fylgiskjöl með kæru 20/2019 - (Ó.H.).pdf

Góðan dag

Efni. Tilkynning um kæru.

Meðfylgjandi er afrit stjórnslukæru, móttekin 14. mars 2019 ásamt fylgigögnum, þar sem kærð er ákvörðun um breytingu á deiliskipulagi er varðar Norðurbrún 2, Reykjavík.

Frestur til að gera athugasemdir vegna kærunnar er 30 dagar frá dagsetningu þessarar tilkynningar, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Óskast staðfest um móttöku.

Með kveðju

Ólöf Harðardóttir, skrifstofumaður

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

Skuggasundi 3, 101 Reykjavík, Iceland

Sími / Tel: (+354) 561 5111

www.uua.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)




Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður
Please consider the environment before printing

Eigendur Parhúsa við Norðurbrún

12. marz 2019

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála,
Skuggasundi 3, Reykjavík.



Efni: Varðar Norðurbrún 2, breyting á deiliskipulagi.

Við eigendur parhúsa við Norðurbrún nr. 4, 6, 8, 10, og 12,14, 16, 18,20,22 leyfum okkur að mótmæla harðlega þessari breytingu á nefndu deiliskipulagi.

Við gerum kröfu um að þessi breyting á deiliskipulagi verði felld úr gildi.

Umrædd breyting og það sem því fylgir er fyrirhuguð bygging íbúðablokkar með 8 íbúðum, auk kjallara og verslunarrýmis. Á þessri lóð var skilgreint verzlunarhús, en lóð þessi er minnsta lóðin í þessari götu. Fram kemur að stækka eigi lóðina með því að þrengja innkeyrsluna inn í hverfið. Þetta fyrirhugaða fjölbýlishús verður verulega hærra en nærliggjandi parhús.

Okkur þykir sérkennilegt að teiknuð bílastæði snúi öfugt við akstursstefnu og spyrjum hvort það sé venjulegt hjá Reykjavíkurborg, en það er lítið pláss fyrir reiknuð bílastæði þó búið sé að þrengja innkeyrsluna.

Íbúðarhúsin við Norðurbrún eru einbýlishús eða 2ja íbúða parhús öll í svipaðri hæð, allt innan marka samkvæmt skilmálum fyrir parhúsin við Norðurbrún, sem samþykkt var í samvinnunefnd um skipulagsmál 19.11.1963 og borgarráði í 3.12.1964 **sjá. meðf.**

Samkvæmt fasteignayfirliti eru núverandi eigendur verzlunarbyggingar á lóðinni við Norðurbrún 2, einkahlutafélagið Norðurbrún 2, kt. 590516-0230.

„Tilgangur félagsins er byggingarstarfsemi, kaup og sala verðbréfa, eignarhald á verðbréfum, kaup og sala fasteigna og annar skyldur rekstur“, með hlutafé einungis lágmarkið kr. 500.000. Þessir byggingaraðilar ætla sjáanlega ekki að búa þarna, einungis að hámarka hagnað af sölu íbúðanna í þessu væntanlega fjölbýlishúsi. Sjá meðfylgjandi ársreikninga fyrir félag þetta árin 2016 og 2017.

Þann 10. desember 2018 sendum við 18 borgarfulltrúum samhljóða bréf og til umhverfis- og skipulagssviðs þann 8. desember. Enginn borgarfulltrúi hafði fyrir því að svara eða láta okkur vita sín sjónarmið, þeir virðast ekki hafa haft áhuga á því að kynna sér eða gæta réttar og hagsmuna íbúanna. 23. november sl. var haft eftir borgarstjóra í Morgunblaðinu þá breytingu við Furugerði, að hann muni allaf hlusta á sjónarmið íbúa, það hefur hann ekki gert í okkar tilfalli.

Við munum senda með bréfi þessu ljósrit af bréfasamskiptum okkar við Umhverfis- og skipulagssvið og borgarstjórn Reykjavíkur á árunum 2017 og 2018. Þar koma fram skýringar okkar og rök fyrir okkar hlið á málinu, sem við teljum mjög ljós og réttmæt.

*Við ítrekum enn og aftur að breyting á nefndu deiliskipulagi og framkvæmdir á þessari litlu lóð felur í sér allt of mikið byggingamagn og íbúðafjölda og ítrekum kröfu um að **nefnd deiliskipulagsbreyting verði felld niður og taki ekki gildi.***

Meðf. ljósrit.

Virðingarfyllst,

Hjalmar Sverrisson
Sími 8986801

Undirskriftir á næstu síðu:

Norðurbrún 4

Halldór Nguen kt. 170554-7609

Halldór Nguen, 040554-7609

Elisabet Hoai Le, 161183 2029

Kristín Anli Hoai Le 190481-2074

Norðurbrún 6

Óskar Gunnarsson kt.191068-5569

Óskar Gunnarsson 191068-5569

Ingibjörg Reynisdóttir 041270-3149

Ingibjörg Reynisdóttir kt. 0412703149

Sólveig Erna Hólmarsd. 210262-4079

Sólveig Hólmarsd.

Norðurbrún 8

Stefán Jónsson

Stefán Jónsson kt. 310748-3829

Norðurbrún 10

Hjálmar Styrkársson

Hjálmar Styrkársson kt. 230530-2899

Norðurbrún 12

Bjarni Pálmason

Bjarni Pálmason kt. 120184-3429

Er fjarverandi

Steinunn Erla Thorlasíus 111284

Norðurbrún 14

Davíð Björn Ólafsson

Davíð Björn Ólafsson kt. 300673-5979

Stefanía Þorgeirsd.

Stefanía Þorgeirsdóttir kt. 020174-5609

Norðurbrún 20

Kjartan Mogensen kt. 141246-3809

Kjartan Mogensen

Halldóra Ólafsdóttir kt.191048-4749

Halldóra Ólafsdóttir

Norðurbrún 22

Haukur Gunnarsson k. 110249-2099

Haukur Gunnarsson

Una. J.N.Svane kt. 261252-5389

Una J.N.Svane

Norðurbrún 18

Mariás Sveinsson kt. 300848-3709

Mariás Sveinsson
Lýsa Guðmundsd.

Norðurbrún 16

Hekla Jósepsdóttir kt. 260375-5639

Hekla Jósepsdóttir

Eigendur parhúsa við Norðurbrún.

Fylgiskjöl með bréfi til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dagsett. 12. marz 2019

. Ljósrit sendra og móttækinnna bréfa til og frá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar og fleiri gögn.

- | | | |
|--|-------|----------------------------------|
| 1) Frá Umhverfis-og skipulagssviði | dags. | 11.02.2019 |
| Varðar Norðurbrún 2, breyting á deiliskipulagi | -- | 17.01.2019 |
| 2) Bréf til íbúa við Norðurbrún til Skipulagssviðs | - | 08.12.2018 |
| 3) Samhljóða bréf til 18 borgarfulltrúa, nafnalisti | - | 10.12.2018 |
| Endurauglýsing Umhverfis- og skipulagssviðs | - | 08.11.2018 |
| 4) Skilmálar fyrir parhúsin við Norðurbrún | - | 10.06.1963 |
| 5) Ársreikningar hlutafélagsins Norðurbrún 2 ehf fyrir árið 2016 | | |
| 6) Ársreikningur sama félags Norðurbrún 2 ehf fyrir árið 2017 | | |
| 7) Bréf til 11 borgarfulltrúa afhent í Ráðhúsi Reykjavborg | | 24.07.2017 |
| 8) Umhverfis- og skipulagssviðs frá íbúum við Norðurbrún | | 22.07.2017 |
| 9) Umhverfis og skipulagssviðs, útskrift úr gerðabók | | 01.11.2017 |
| 10) Varðar: Norðurbrún 2, breyting á deiliskipulagi | | 13.10.2017 |
| 11) Teikning THG arkitekta v/Norðurbrún 2 | | 04.06.2018 |
| 12) Úrklippur úr Mbl. | | 1.11.2017, 11.10.2018,23.11.2018 |

Munu hlusta á ^{23.11.18} sjónarmið íbúa

● Borgarstjóri ræðir um Furugerðið

Baldur Arnarson
baldura@mbl.is

Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hvetur haghafa til að skila athugasemdum vegna auglýstrar tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir lóðina númer 23 við Furugerði.




Dagur B. Eggertsson

„Þetta hefur verið í mótun á vegum skipulagssviðsins og þangad höfum við beint öllum sem vilja koma sjónarmiðum sínum að varðandi skipulagið. Núna fer þetta í auglýsingaferli og þá hvet ég alla til að skila athugasemdum og það verður auðvitað farið málefnalega yfir það í þessu tilviki eins og öðrum.“

Kominn tími á umbreytingu

Dagur segir skipulagi borgarinnar hafa litist vel á þessar hugmyndir. „Þarna er gamalt og úr sér gengið atvinnuhúsnæði og kannski kominn tími á einhverja umbreytingu. Það er auðvitað ekki alveg óvænt að ein-



Teikning/ARKÍS

Við Furugerði Drög að húsum við Bústaðaveg. Rætt er um 32 íbúðir.

hverjir hafi athugasemdir en þá er um að gera að koma þeim á framfæri þannig að við getum farið yfir þær,“ segir Dagur en íbúar í Furugerði hafa gert athugasemdir við áformaða uppbyggingu 32 íbúða á reitnum.

Hæg uppbygging innviða

Brynjar Harðarson, fv. framkvæmdastjóri Vals, segir hægagang í uppbyggingu innviða á Hlíðarenda, gatna og fráveitukerfa, teifa fyrir uppbyggingu íbúða. Dagur segir borgina hafa metnað til að „koma jafnt og þétt með gatnagerð og veitur“ á þessum reit sem öðrum.

Mótmæli nágranna tekin til greina


- Áform voru uppi um að byggja tvær hæðir með íbúðum ofan á verslunarhæð að Norðurbrún 2
- Nágrannarnir mótmæltu harðlega og hætt var við áformin ● Húsnæðið ónotað og er í niðurmóðslu

Sigrýggvi Sigrýggsson
s.is@mbf.is

Borgarráð hefur staðfest sýjun umhverfis- og skipulagsráðs á breytingu á skipulagsáformum Norðurbrún 2 í Laugarás. Áform voru uppi um að byggja tvær hæðir með íbúðum ofan á verslunarhæð. Íbúar í nágrenninu mótmæltu harðlega og frambjóðingunni ákvaðu eigendur lóðarinnar að endurskoða tillöguna. THG arkitektar ehf. lögðu upp-hæðir um umsóknir fyrir þessa árs vardiðni breytingu á teilskipu-lagsáformum Norðurbrún 2 við Norðurbrún 2. Breytingunni fólst að hækka hæðina um tvær hæðir og hækka þessa pólkútt þess í verslunar-húsnæði í arvinnum með 1500 m² 30-90 fermetrar að stærð. Fjórir íbúðir yrði samtals átta. Að söfnuðinum átti að vera verslun og þjónustustarfermi.

Verslunarrekstur gekk ekki

Loðin sem um ræður er á horni Austurbrunnar og Norðurbrúnar. Gegnt heimi, að Norðurbrún 1, eru þjónustuflokkir fyrir aldræga og félagsmóðslu. Nedar í Laugarásnum er Hlafnista, sem er næst stærsta öldrunarheimili landsins. Fram kemur í greinargerð THG arkitekta ehf. að á löðinni hafi verið byggt verslunarhúsið á einni hæð árið 1965. Lengi vel hafi reksturinn gengið vel en með tilkomu lág-vörðverslana hafi hallað undan fæti. Ekki hafi verið rekin verslun í húsinu undanfarin ár og það sé í niðurmóðslu. Ítrekað hefur verið kvartað yfir sóðaskap í og við húsið. Þvílaga að breytingu skuli lagt var



Morgunblaðið/FRAX

Norðurbrún 2 Húsið var byggt árið 1965. Þar var verslun rekin til margra ára. Engin starfsemi hefur verið í húsinu undanfara og það er í niðurmóðslu.

með 25. júlí 2017. Fjólmargar at-hugasemdir bárust frá íbúum í ná-grenninu. Eftirfarandi svar er þverskurður af þeim mótmælum sem íbúarnir höfðu uppi. „Við sem erum eigendur og/eða leigutakar íbúðarhúsanna við Norðurbrún 4-20 mótmælum harðlega fyrrihuguðum byggingaráformum á lóð nr. 2 sem fráleitum, bæði hvað varðar stærð bvgzinnar, skugga-


ingar götunnar úr 7,5 metrum í 5,5 metra. Veruleg fækkun bílastæða, óskilgreint hvaða verslunarrymi eða annar atvinnurekstur verður, brot á reglugerð þar sem ekki er gert ráð fyrir stærð fyrir breytingu hamaða. Fyrrihuguð bygging er í engu samræmi við skipulag það sem fyrir er og mun ef af verður, skerða lífsgæði þeirra sem búa í þessu hverfi.“ Eigendur eignar við Norðurbrún

leika muni gæði eignarinnar skertast og þeir verða fyrir umtalsverðu tjóni. „Samkvæmt tillögnum mun skuggavarp Norðurbrúnar 2 hindra sólarljós inn í garðinn okkar drjúgari hluta úr degi, eða á milli 16-19. Það er einmitt sá tími dagsins þar sem útlitastöðu verður helst notið mestan hluta áráns,“ segir m.a. í athugasemduinum. Því séu þessi áform algerlega óásættanleg. Niðurstæða skipulagsfulltrúans í

Samráð um umhverfisáform/ eigendur hefur verið ákveðið að endurskoða tillöguna meðal annars með tilliti til innkomunnar atvinnu-senda. Í ljósi þess er athugasemdu-num ekki svarað erfræsliga heldur mælt með því að tillagan verði ekki samþykkt. Ef breyting tilaga berst verður hun kynnt. Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur og síðar borgarráð staðfestu þessa niðurstöðu skipu-



Morgunblaðið FRÁX



Mynd/THG arkitektar

Norðurbrún 2 Húsið var byggt árið 1965. Þar var verslun rekin til margra ára. Nú er húsið autt.

Nýja tillagan Húsið verður tveir hæðir og kjallari og gert er ráð fyrir átta íbúðum, 30-90 fm.

Tillaga að húsi við Norðurbrún

● Deiliskipulag fyrir Norðurbrún 2 auglýst að nýju ● Húsið verður rífið og annað byggt á lóðinni

Sigtryggur Sigtryggsson
sis@mbli.is

Reykjavíkurborg hefur í annað sinn auglýst deiliskipulagstíllögu fyrir lóðina Norðurbrún 2 í Laugarásí.

Í breytingunni felst að rífa núverandi verslunarhús, sem er um 500 fermetrar, og byggja nýtt íbúðarhús með verslun að hluta til á fyrstu hæð. Önnur hæðin verður innbyggð frá suðvestri. Húsið verður því tveir hæðir og kjallari með verslun og þjónustu á götuhæð og íbúðum á 1. og 2. hæð. Heimilt verður að byggja allt að 8 íbúðir, 30-90 fermetrar að stærð. Verslun verður í 30% rýmis á jarðhæð og

20% rýmis í kjallara. Einnig verður lóðin stækkuð þannig að bifstæði rúmist innan hennar.

Samkvæmt tillögunni á að útbúa sameiginlegt grænt svæði tengt götuhæðinni fyrir gesti og gangandi. Lögð verður áhersla á að háfa það hlýlegt og að möguleiki sé að koma borðum og stólum þar fyrir. Deiliskipulagssvæðið er á horni Norðurbrúnar og Austurbrúnar. Norðan og vestan við reitinn eru háar íbúðablokkir en suðaustan við hann er lágræist einbýlishúsa- og parhúsaþyggð.

Gegnt lóðinni að Norðurbrún 1 eru þjónustuibúðir fyrir aldraga og félagsmiðstöð. Neðar í Laugarásnum er Hrafnista, sem er næst-

stærsta öldrunarheimili landsins. Fram kemur í greinargerð THG arkitekta ehf. að á lóðinni hafi verið byggt verslunarhús á einni hæð árið 1965. Lengi vel hafi rekturinn gengið vel en með tilkomu lágvörðverslansna hafi hallað undan fæti.

Húsið er í niðurníðslu

Um tíma var rekin 11-11 verslun í húsinu og síðar var þar nýttja markaður Samhjálpur. Ekki hafi verið rekin verslun í húsinu undanfarin ár og það sé í niðurníðslu. Ítrekað hefur verið kvartað yfir sóðaskap í og við húsið.

Í júní 2017 var auglýst deiliskipulagstíllaga fyrir Norðurbrún

2. Í henni var ekki gert ráð fyrir niðurrífi hússins heldur var áformað að byggja tveir hæðir ofan á verslunarhæðina. Íbúar í nágrenninu mótmæltu harðlega og tóku borgaryfirvöld mótmælin til greina og sýnjuðu umbeðinni breytingu.

Eftirfarandi svar er þverskurður af þeim mótmælum sem íbúarnir höfðu uppi: „Við sem erum eigendur og/eða leigutakar íbúðarhúsanna við Norðurbrún 4-20 mótmælum harðlega fyrirhuguðum byggingaráformum á lóð nr. 2 sem fráleitum, bæði hvað varðar stærð byggingar, skuggamyndun sem er veruleg og þrengingargötunnar úr 7,5 metrum í 5,5 metra. Veruleg fækkun bílastæða,

óskilgreint hvaða verslunarymi eða annar atvinnurekstur verður, brot á reglugerð þar sem ekki er gert ráð fyrir stæði fyrir hreyfihamaða. Fyrirhuguð bygging er í engu samræmi við skipulag það sem fyrir er og mun ef af verður skerða lífsgæði þeirra sem búa í þessu hverfi.“

Í framhaldinu ákváðu eigendur löðarinnar að endurskoða tillögunna. Samkvæmt hinni nýju tillögu verður húsið lægra, sem nemur einni hæð.

Hin nýja tillaga er aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar. Aðend-ingum og athugasemdum við tillöguna skal skilað til skipulagsfulltrúa, eigi síðar en 12. nóvember nk.

Bónleysing Flutningsbríf - bríf
eftir lönaðarmenn þveggilinn.
Ís - Stofnað 1969 Traustir og vanir
menn.

VY-PRIF EHF.
Öll almenni brif fyrir heimili,
hústélg, fyrirtæki o.fl. Cerum
verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

VÍSIR þú sést
börn eiga þú á
þægum svæðum

**HARVDIUR TIL
HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR
Á: VIDUR.IS**
Vatnskæðning, panelli, pallaeftir,
parket, útliturðir, ofl. Gæði á
góðu verði. Nýkomnar Eurotec
A2 harðvabarskrufur. Penofin
harðvabolla. Indus ehf.
Óseyrabraut 2. Hf. Upphljaja Magnúsi
Í sínum 660 0230 og 563 1122.

VÍSIR þú sést
þú ert þú með á þessum



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um tillögu að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010,
er hér með auglýst tillaga að breytingu deiliskipulagi í Reykjavík.

Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi birtist þann 1. október 2018 en samþykkt var á fundi skipulagsfulltrúa þann 26. október 2018 að framlengja athugasemdarfrést til og með 12. desember 2018 og auglýsa sérstaklega leiðrétt skuggavarp í samræmi við minnisblað THG Arkitektá ehf. dags. 22. október 2018 og skuggavarsuppd. THG Arkitektá ehf. dags. 22. október 2018.

Norðurbrún 2

A fundi skipulags- og samgönguráðs þann 5. september 2018 og borgarráði Reykjavíkur þann 13. september 2018 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð nr. 2 við Norðurbrún. Í breytingunni felst að rífa núverandi verslunarhús og byggja nýtt íbúðarhús með verslun að hluta til á fyrstu hæð. Önnur hæðin verður inndreginn frá suðvestri. Húsin verða því tvær hæðir og kjallari með verslun og þjónustu á götuhæð og íbúðum á 1. og 2. hæð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan er einnig aðgengileg á skjá og tölu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 til og með 12. desember 2018 og á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna er skilað skriflega eða á netfangið skipulag@reykjavik.is til skipulagsfulltrúa, eigi síðar en 12. desember 2018.

Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Reykjavík 5. nóvember 2018
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is



GLÆNÝ OG
FERSK STÖRF
Í HVERRI VIKU
Job.is



Reykjavík 01.11.2017

Hjálmar Styrkársson
svar til íbúa að Norðurbrún 10
Safamýri 79
108 Reykjavík


Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 18. október 2017 varðandi eftirfarandi mál.

Norðurbrún 2

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn THG arkitekta ehf., mótt. 24. janúar 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2 við Norðurbrún. Í breytingunni felst að hækka húsið um tvær inndregnar hæðir og breyta notkun hússins úr verslunarhúsnæði í atvinnuhúsnæði með íbúðum, allt að 30-90 m² að stærð, samkvæmt uppdr. THG arkitekta ehf., dags. 16. maí 2017, fjöldi íbúða yrði samtals 8 íbúðir. Einnig er lagt fram skuggavarp dags. 16. maí 2017. Tillagan var auglýst frá 13. júní til og með 25. júlí 2017. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Haukur Gunnarsson og Una N. Svane, dags. 18. júlí 2017, Bjarni Pálmason og Steinunn Erla Thorlacius, dags. 19. júlí 2017, 17 íbúar að Norðurbrún 4-6, 8-10, 12-14 og 20, dags. 22. júlí 2017 og Hekla Jósepsdóttir, dags. 24. júlí 2017. Einnig er lögð fram umsögn hverfisráðs Laugardals, dags. 30. júní 2017 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. október 2017.

Synjað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 13. október 2017.
Vísan til borgarráðs.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs



Ann María Andreassen

Borgarráð samþykkti afgreiðslu ráðsins á fundi sínum 26. október 2017

Fylgiskjal: umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. október 2017

Athygli er vakin á því að telji einhver rétti sínum hallað með samþykkt framangreindrar tillögu er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík, sbr. lög nr. 130/2011, innan mánaðar frá birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Sent til THG Arkitektar ehf., Hekla Jósepsdóttir, Haukur Gunnarsson, Bjarni Pálmason, Halldór Nguyen, Stefán Rúnar Jónsson, Bjarni Pálmason, Óskar Gunnarsson, Davíð Björn Ólafsson



Varðar: Norðurbrún 2, breyting á deiliskipulagi

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn THG arkitekta ehf., mótt. 24. janúar 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2 við Norðurbrún.

Í breytingunni felst að hækka húsið um tvær inndregnar hæðir og breyta notkun hússins úr verslunarhúsnæði í atvinnuhúsnæði með íbúðum, allt að 30-90 m² að stærð, samkvæmt uppdr. THG arkitekta ehf., dags. 16. maí 2017, fjöldi íbúða yrði samtals 8 íbúðir. Einnig er lagt fram skuggavarp dags. 16. maí 2017.

Tillagan var auglýst frá 13. júní til og með 25. júlí 2017.

Eftirtaldir sendu athugasemdir:

1. Haukur Gunnarsson og Una N. Svane, dags. 18. júlí 2017,
2. Bjarni Pálmason og Steinunn Erla Thorlacius, dags. 19. júlí 2017, 17
3. íbúar að Norðurbrún 4-6, 8-10, 12-14 og 20, dags. 22. júlí 2017
4. Hekla Jósepsdóttir, dags. 24. júlí 2017.

Einnig er lögð fram umsögn hverfisráðs Laugardals, dags. 30. júní 2017.

Athugasemdir eru í megin atriðum eftirfarandi:

Bréf 1. Hauks Gunnarssonar og Unu N. Svane, dags. 18. júlí 2017,

Tillögunni er mótmælt m.a. af ótta við að verði hún að veruleika þá verði meiri umferð um þessa þröngu íbúagötu og lagt í bílastæði íbúanna sem eru nú þegar of fá.

Bréf 2. Bjarna Pálmasonar og Steinunar Erlu Thorlacius, dags. 19. júlí 2017, 17

Leggjast eindregið gegn hverskonar hækkun á húsnæði við Norðurbrún 2 og telja að þær hugmyndir komi til með að valda þeim miklu tjóni, benda einnig á að þau hafi nýlega fest kaup á eigninni á forsendum gildandi deiliskipulags.

Telja tillöguna stangast á við Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 um hæðir húsa og yfirbragð nærliggjandi byggðar.

Fagna því að gera eigi lóðinni Norðurbrún 2 til góða en telja hana vera tilraun til þess að auka verðmæti lóðarinnar verulega á kostnað íbúa nærliggjandi húsa.

Tillögunni er mótmælt þar sem hún myni auka skuggavarp og hindra sólarljós inn í garð hús nr 12 drjúgan hluta úr degi, eða á milli kl 15-19.

Bréf 3. íbúa að Norðurbrún 4-6, 8-10, 12-14 og 20, dags. 22. júlí 2017

Tillögunni er mótmælt þar sem hún þykir fráleit bæði hvað varðar stærð byggingar, skuggamyndun sem er veruleg, þrengingar á götu úr 7,5 m í 5,5 m, veruleg fækkun bílastæða, ekki sé skilgreint hvaða atvinnurekstur verði og að reglugerð sé brotin þar sem ekki sé gert ráð fyrir stæði fyrir hreyfihamlaða. Byggingin sé í engu samræmi við það skipulag sem er í gildi og mun ef af verður skerða lífsgæði íbúa í hverfinu.

Bílastæði:

- Sett er fram sú skoðun að þegar skoðað er gildandi deiliskipulag frá 1963 sé ljóst að verslun muni eiga erfitt uppdráttar á þessum stað þar sem m.a. vanta bílastæði og núverandi fyrirkomulag þeirra sé ekki gott.



- Bílastæði séu of fá og ekki sé reiknað með bst fyrir hreyfihamlaða.
- Er ætlunin að Norðurbrún 2 nýti bílastæði hinu megin götunnar við Austurbrún 4?

Breyting á götu:

- Hver fer með eignarhald á bílastæðalóðinni?
- Þrengin á innkeyrslu inn í Norðurbrún er slæm hugmynd.

Byggingin:

- Húsið er of hátt, við eigendur nærliggjandi húsa föllumst ekki á að hæð hússins fari upp fyrir hæðarlínu annarra húsa við Norðurbrún.
- Auknu skuggavarpí á lóðirnar 4, 12 og 14 er mótmælt þar sem byggingin taki alla sól, a.m.k. tímabundið hvern dag.
- Spurt er hvort ekki væri betra að rífa húsið og byggja tveggja hæða hús á lóðinni í svipaðri hæð og þau hús sem fyrir eru við götuna.

Óskað er eftir að upplýst verði hver sé eigandi eða umráðsaaðili lóðarinnar og hver sé umsækjandinn.

Bréf 4. Heklu Jósepsdóttur, dags. 24. júlí 2017.

Bréfitari setur fram þá skoðun að eðlilegt sé að breyta notkun hússins að Norðurbrún 2 úr verslunarhúsnæði í íbúðarhúsnæði en fjöldi íbúða og hæð hússins sé algerlega óásættanleg.

Umsögn hverfisráðs Laugardals, dags. 30. júní 2017.

Eftirfarandi bókun var gerð við erindið:

„Hverfisráð gerir ekki athugasemdir við tillöguna og fangar því að verið sé að endurnýja húsnæðið. Jafnframt bendir hverfisráð á að mikilvægi þess að allar breytingar séu gerðar í sátt við nágretta og að fundin verði viðunandi lausn á bílastæðamálum við götuna.“

Niðurstaða: Í samráði við umsækjanda/eigendur hefur verið ákveðið að enduskoða tillöguna meðal annars með tilliti til innkomina athugasemda. Í ljósi þess er athugasemdum ekki svarað efnislega heldur mælt með því að tillagan verði ekki samþykkt. Ef breytt tillaga berst verður hún kynnt.

Fh skipulagsfulltrúans í Reykjavík
Lilja Grétarsdóttir arkitekt og verkefnisstjóri

22. júlí 2017

Reykjavíkurborg,
Umhverfis- og skipulagssvið og Borgarráð Reykjavíkur.

Svar við erindi vegna Norðurbrún 2, frá 9. júní 2017

Þar sem samþykkt er á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 24. maí 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 1. júní 2017 „ að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2 við Norðurbrún. Í breytingunni felst m.a. að hækka húsið um tvær hæðir og breyta notkun hússins úr verzlunarhúsnæði í atvinnuhúsnæði með íbúðum, allt að 30-90 m² að stærð, fjöldi íbúða yrði samtals 8.“

Við sem erum eigendur og eða leigutakar (parhúsanna) íbúðarhúsanna við Norðurbrún nr. 4, 6, 8, 10 og 12, 14, 20, sem höfum fengið nefnt bréf, mótmælum harðlega fyrirhuguðum byggingaáformum á lóð nr. 2 sem fráleitum, bæði hvað varðar stærð byggingar, skuggamyndun sem er veruleg og þrengingar götunnar úr 7,5 metrum í 5,5 metra. Veruleg fækkun bílastæða, óskilgreint hvaða verzlunarymi eða annar atvinnurekstur verður, brot á reglugerð þar sem ekki er gert ráð fyrir stæði fyrir hreyfihamlaða. Fyrirhuguð bygging er í engu samræmi við skipulag það sem fyrir er og mun ef af verður, skerða lífsgæði íbúa þeirra sem búa í þessu hverfi.

Norðurbrún 2, Reykjavík: Athugasemdir við deiliskipulagsupprátt mrk 0400 DSK.

Lóðin Norðurbrún 2 er hluti af heildarskipulagi svæðisins „Norðurbrún“, sem samþykkt var í borgarráði þann 19.11.1963. Húsið við Norðurbrún 2 var byggt árið 1963 sem verzlunarhús á einni hæð með kjallara undir að hluta. Það þarf ekki að skoða hús og lóð lengi til að sjá að á þessari lóð mun verzlun eiga erfitt uppráttar, enda sýnir sagan það. Það vantar bílastæði, þau verða varla töfrúð fram með auknum íbúðafjölda á lóðinni. Nokkur þeirra bílastæða sem nú eru merkt utan við húsið eru ónothæf og önnur svo stutt að þau ná út í aðalinnkeyrsluna í íbúðahverfið. Fjölgun íbúða kallar á fleiri bílastæði, ekki er fjarri að álykta að það þurfi 1,5 bílastæði á hverja íbúð, það gera þá 12 stæði, þó aðeins væri reiknað með einu bílastæði á íbúð, gera það 8 stæði, auk þess þarf bílastæði fyrir verzlunarrými eða annan atvinnurekstur. Þá skal bent á að samkvæmt byggingareglugerð „Breyting nr. 4“ og er á vef Mannvirkjstofnunar, er tekið fram: Að a.m.k. 1 stæði sé fyrir hreyfihamlaða og sé lágmarksstærð

stæðis 3,8 x 5m. með tryggu aðgengi að gönguleiðum. Ekki verður séð á uppdrætti arkitekta að þetta ákvæði sé uppfyllt, hins vegar bent á að unnt sé að kaupa sig undan kvöð um bílastæði, með því að greiða bílastæðagjald til Reykjavíkurborgar. Ekki mun slík ráðstöfun leysa bílastæðavanda við Norðurbrún 2, heldur er sú leið til að velta vandamálinu yfir á nágretta og nærliggjandi húsalóðir. Slík hugmynd er svo fráleit, að byggingaraðili geti keypt sig frá kvöðum til að koma fyrir auknu byggingamagni á byggingareit, það verður mjög aukið álag í þau bílastæði sem fyrir eru og við næstu hús. Það bætir ekki lífsgæði þeirra sem í nágrenni eru, heldur hið gagnstæða. Íbúar og nágrettar eru þeir sem þurfa að lifa við þennan gjörning um ókomna tíð, en ekki sá sem tekur út væntanlegan gróða af sölu þessa byggingamagns.

Ef það er rétt skilið, að lagt sé til að gera nýja bílastæðalóð 84,5m² á annarri akreininni inn í Norðurbrún (Bílastæði merkt P5) en með því fer allur innakstur / útakstur frá Norðurbrún út á Austurbrún um eina akrein? Hver fer með eignarhald á slíkri lóð? Þrenging á innkeyrslu inn í Norðurbrún er slæm hugmynd, sem við höfnum algjörlega sem óhæfri. Slíkt þrengir einnig verulega að íbúum og gestum við dvalarheimilið Norðurbrún 1. Þrenging á Norðurbrún úr 7,5m. breiðri götu í 5,5m gengur varla upp, fyrir tvær akreinar. Allir íbúar og eigendur húsa við Norðurbrún hljóta að mótmæla slíkri breytingu. Bílastæðaskortur er nú þegar við dvalarheimilið að Norðurbrún 1. Er það ætlunin að farið verði að nýta frá þessu nýja háhýsi, bílastæði hinu megin götunnar við Austurbrún 4? Hönnun og skipulag bílastæða hefur áhrif á hegðun fólks. Við teljum að verulega vanti á, að umhverfis- og skipulagsráð hafi kynnt okkur, um hvað sé ætlunin að breyta, þrengja aksturs eða gönguleið í hvefið.

Aðkoma að húsinu við Norðurbrún 2 er slæm, útitröppur eru meðfram allri langhlíðinni og 90 cm. háar tröppur eru fyrir gafli hússins að Norðurbrún. Hæð hússins samkvæmt tillögu arkitekta stingur mjög í stúf við hæðarlínu húsanna við Norðurbrún. Samkvæmt uppdrætti dags. í maí 1965 er hæðarkóti á þakbrún hússins 41,75, hæðarkóti á húsi við Norðurbrún 1 er u.þ.b. 44,00, en hæðarkóti á húsi nr. 4 við Norðurbrún er u.þ.b. 42,50. Samkvæmt tillögu arkitekta, er ætlunin að fara með hæð á Norðurbrún 2 í 48,00 og að auki fái lyfta og stigahús að fara í hæð 49,50. Við eigendur nærliggjandi húsa getum ekki fallist á eða samþykkt hækkun hússins upp fyrir hæðarlínu annarra húsa við Norðurbrún. Slík bygging sem fyrirhuguð er á lóðinni er óskapnaður, gnæfir yfir allt umhverfi. Íbúðarhúsin í efstu götu það er nr. 4,6,8,10 eru tveggja hæða parhús, sum þeirra að minnsta kosti eru ekki með fulla hæð á neðri hæð, þar sem ekki

var leyfð hærrí hæð, þegar húsin voru byggð. Sé horft yfir húsin frá Austurbrún eru þau öll í álíka hæð. Þá gefur uppdráttur skuggavarps ekki nákvæma mynd af því hversu mikill skuggi fellur á lóðir nr. 4, 12, og 14, en sýnir þó að fyrirhuguð bygging tekur alla sól, a.m.k. tímabundið hvern dag frá íbúum húsanna, sem er á engan hátt boðlegt og hlýtur sú hugmynd að falla sjálfkrafa.

Breytingar á deiliskipulagi, í þessu tilfelli breyting á byggingamagni á einni lóð, er nauðsynlegt að sé gert í sátt við íbúa í hverfinu og ætti að gera að betra umhverfi, en áður var. Þeim sem upphaflega byggðu þetta hverfi, var gert að fara eftir þeim leiðarlínum sem settar voru í skipulagsskilmálum, því finnst okkur undarlegt að þeir sem nú ætla sér endurreisnarstarf, skuli ekki gera það innan þess ramma, sem settur var. Hins vegar má benda á, að yngri hús en húsið nr. 2 eru nú fjarlægð og ný byggð í staðinn. Væri ekki betri lausn að brjóta niður húsið, sem nú er á lóðinni og byggja tveggja hæða íbúðahús á lóðinni, innan gildandi skipulags, sem sé í svipaðri hæð og hús þau sem fyrir eru við götuna. Um það ætti að geta myndast sátt með eigendum þeirra húsa sem fyrir eru.

Sjá eftirfarandi lóðarstærð, byggingamagn á lóð og íbúðafjölda.

<i>Norðurbrún 2</i>	<i>Lóðarstærð</i>	<i>775,0 m²</i>	<i>Byggingamagn</i>	<i>461,0m² verzlhús.</i>
<i>Norðurbrún 4</i>	<i>Lóðarstærð</i>	<i>917,0 m²</i>	<i>Byggingamagn</i>	<i>227,6m², 2 íbúðir</i>
<i>Norðurbrún 6</i>	<i>Lóðarstærð</i>	<i>917,0m²</i>	<i>Byggingamagn</i>	<i>257,9m², 2 íbúðir</i>
<i>Norðurbrún 8</i>	<i>Lóðarstærð</i>	<i>832,0m²</i>	<i>Byggingamagn</i>	<i>251,5m², 1 íbúð</i>
<i>Norðurbrún 10</i>	<i>Lóðarstærð</i>	<i>832,0m²</i>	<i>Byggingamagn</i>	<i>243,4m², 1 íbúð</i>

Óskað er eftir því að við séum upplýst um hver sé eigandi eða umráðaaðili nefndrar lóðar, hver sækir um þennan byggingarétt og í nafni hvers.

Við leyfum okkur að vænta þess að tekið verði tillit til athugasemda okkar og slíkt fjölbýlishús verði ekki leyft að byggja á þessari lóð, enda í engu samræmi við íbúðarhúsabyggingdina, sem fyrir er.

Við viljum ekki trúá því að óreyndu, að borgarráð Reykjavíkur ætli í þessu máli að ganga erinda verktaka á kostnað almannahagsmuna, það er okkar allra, sem eigum húsnæði í þessu hverfi. Væntum þess að borgarráð Reykjavíkur taki fyllsta tillit til óska okkar og ábendinga.

var leyfð hærri hæð, þegar húsin voru byggð. Sé horft yfir húsin frá Austurbrún eru þau öll í álíka hæð. Þá gefur uppdráttur skuggavarps ekki nákvæma mynd af því hversu mikill skuggi fellur á lóðir nr. 4, 12, og 14, en sýnir þó að fyrirhuguð bygging tekur alla sól, a.m.k. tímabundið hvern dag frá íbúum húsanna, sem er á engan hátt boðlegt og hlýtur sú hugmynd að falla sjálfkrafa.

Breytingar á deiliskipulagi, í þessu tilfalli breyting á byggingamagni á einni lóð, er nauðsynlegt að sé gert í sátt við íbúa í hverfinu og ætti að gera að betra umhverfi, en áður var. Þeim sem upphaflega byggðu þetta hverfi, var gert að fara eftir þeim leiðarlínum sem settar voru í skipulagsskilmálum, því finnst okkur undarlegt að þeir sem nú ætla sér endurreisnarstarf, skuli ekki gera það innan þess ramma, sem settur var. Hins vegar má benda á, að yngri hús en húsið nr. 2 eru nú fjarlægð og ný byggð í staðinn. Væri ekki betri lausn að brjóta niður húsið, sem nú er á lóðinni og byggja tveggja hæða íbúðahús á lóðinni, innan gildandi skipulags, sem sé í svipaðri hæð og hús þau sem fyrir eru við götuna. Um það ætti að geta myndast sátt með eigendum þeirra húsa sem fyrir eru.

Sjá eftirfarandi lóðarstærð, byggingamagn á lóð og íbúðafjölda.

Norðurbrún 2	Lóðarstærð	775,0 m ²	Byggingamagn	461,0m ² verzlhús.
Norðurbrún 4	Lóðarstærð	917,0 m ²	Byggingamagn	227,6m ² , 2 íbúðir
Norðurbrún 6	Lóðarstærð	917,0m ²	Byggingamagn	257,9m ² , 2 íbúðir
Norðurbrún 8	Lóðarstærð	832,0m ²	Byggingamagn	251,5m ² , 1 íbúð
Norðurbrún 10	Lóðarstærð	832,0m ²	Byggingamagn	243,4m ² , 1 íbúð

Óskað er eftir því að við séum upplýst um hver sé eigandi eða umráðaaðili nefndrar lóðar, hver sæki um þennan byggingarétt og í nafni hvers.


Við leyfum okkur að vænta þess að tekið verði tillit til athugasemda okkar og slíkt fjölbýlishús verði ekki leyft að byggja á þessari lóð, enda í engu samræmi við íbúðarhúsabyggðina, sem fyrir er.

Við viljum ekki trúá því að óreyndu, að borgarráð Reykjavíkur ætli í þessu máli að ganga erinda verktaka á kostnað almannahagsmuna, það er okkar allra, sem eigum húsnaði í þessu hverfi. Væntum þess að borgarráð Reykjavíkur taki fyllsta tillit til óska okkar og ábendinga.

Undirskriftir:

Norðurbrún 4


Halldór Nguen kt. 170554-7609



Mería Ha Ngo
kt. 040557-2139

Kristín ANH HOAI LE
190981-2079
Elisabet HOCI LE
161183-2029
Norðurbrún 8

Stefán Rúnar Jónsson 310748-3829


e. u.



Norðurbrún 12

Bjarni Pálmason kt. 120184-3429


Steinunn Erla Thorlasíus, kt. 111284-3269
STEINUNN ERLA TH.


NORÐURBRÚN 20

Kjartan Mogensen kt. 141246-3809


Halldóra Ólafsdóttir kt. 191048-4749

Norðurbrún 6

Óskar Gunnarsson kt. 191068-5569




Ingibjörg Reynisdóttir kt. 041270-3149


Sólveig Erna Hólmarsd. kt. 210262-4079




Norðurbrún 10

Hjálmar Styrkársson kt. 230530-2899



Michael Fitzgerald kt. 280848-2989

Sheila K. Fitzgerald kt. 290955-2049




Norðurbrún 14

Davíð Björn Ólafsson kt. 200673-5979



Stefanía G. Þorgeirsdóttir 020174-5609





Hjálmar Styrkársson
Safamýri 79
108 Reykjavík

Reykjavík 9. júní 2017

Erindi: Norðurbrún 2

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 24. maí 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 1. júní 2017 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2 við Norðurbrún. Í breytingunni felst m.a. að hækka húsið um tvær inndregnar hæðir og breyta notkun hússins úr verslunarhúsnæði í atvinnuhúsnæði með íbúðum, allt að 30-90 m² að stærð, fjöldi íbúða yrði samtals 8. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Hagsmunaaðilar og nágrannar eru hér með upplýstir um að auglýsing birtist í Fréttablaðinu og I.ögbirtingablaðinu þann 13. júní 2017 og eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Bendum húsfélögum á að hengja upp bréfið og kynna/upplýsa eigendur og íbúa hússins.

Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 25. júlí 2017. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Tillögurnar eru aðgengilegar á vefsíðunni, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu.

Tillögurnar eru einnig aðgengilegir í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 og er það frá 13. júní 2017 til og með 25. júlí 2017.

f.h. Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur
Lilja Grétarsdóttir, arkit./verkefnisstjóri

24. júlí 2017

Meðfylgjandi bréf til borgarfulltrúa Reykjavíkurborgar, afhent í Ráðhúsi Reykjavíkurborgar: Viðvíkjandi Norðurbrún 2, bréfið skýrir sig.

Borgarstjórinn í Reykjavík,
Borgarfulltrúi
Borgarfulltrúi
Borgarfulltrúi
Borgarfulltrúi
Borgarfulltrúi
Borgarfulltrúi
Borgarfulltrúi
Borgarfulltrúi
Borgarfulltrúi

Dagur B. Eggertsson
S. Björn Blöndal
Heiða Björg Hilmisdóttir
Líf Magneudóttir
Halldór Auðar Svansson
Halldór Halldórsson
Kjartan Magnússon
Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir
Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir
Marta Guðjónsdóttir
Áslaug María Friðriksdóttir

Móttökukvittun óskast.

ARS



Ráðhús Reykjavíkur
Upplýsingaþjónustan

25. júlí 2017

22. júlí 2017

Reykjavíkurborg,
Umhverfis- og skipulagssvið og Borgarráð Reykjavíkur.

Svar við erindi vegna Norðurbrún 2, frá 9. júní 2017

Þar sem samþykkt er á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 24. maí 2017 og borgarráði Reykjavíkur þann 1. júní 2017, „að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2 við Norðurbrún. Í breytingunni felst m.a. að hækka húsið um tvær hæðir og breyta notkun hússins úr verzlunarhúsnæði í atvinnuhúsnæði með íbúðum, allt að 30-90 m² að stærð, fjöldi íbúða yrði samtals 8.“

Við sem erum eigendur og eða leigutakar (parhúsanna) íbúðarhúsanna við Norðurbrún nr. 4, 6, 8, 10 og 12, 14, 20, sem höfum fengið nefnt bréf, mótmælum harðlega fyrirhuguðum byggingaáformum á lóð nr. 2 sem fráleitum, bæði hvað varðar stærð byggingar, skuggamyndun sem er veruleg og þrengingar götunnar úr 7,5 metrum í 5,5 metra. Veruleg fækkun bílastæða, óskilgreint hvaða verzlunarymi eða annar atvinnurekstur verður, brot á reglugerð þar sem ekki er gert ráð fyrir stæði fyrir hreyfihamlaða. Fyrirhuguð bygging er í engu samræmi við skipulag það sem fyrir er og mun ef af verður, skerða lífsgæði íbúa þeirra sem búa í þessu hverfi.

Norðurbrún 2, Reykjavík: Athugasemdir við deiliskipulagsuppdrátt mrk 0400 DSK.

Lóðin Norðurbrún 2 er hluti af heildarskipulagi svæðisins „Norðurbrún“, sem samþykkt var í borgarráði þann 19.11.1963. Húsið við Norðurbrún 2 var byggt árið 1963 sem verzlunarhús á einni hæð með kjallara undir að hluta. Það þarf ekki að skoða hús og lóð lengi til að sjá að á þessari lóð mun verzlun eiga erfitt uppdráttar, enda sýnir sagan það. Það vantar bílastæði, þau verða varla töfruð fram með auknum íbúðafjölda á lóðinni. Nokkur þeirra bílastæða sem nú eru merkt utan við húsið eru ónothæf og önnur svo stutt að þau ná út í aðalinnkeyrsluna í íbúðahverfið. Fjölgun íbúða kallar á fleiri bílastæði, ekki er fjarri að álykta að það þurfi 1,5 bílastæði á hverja íbúð, það gera þá 12 stæði, þó aðeins væri reiknað með einu bílastæði á íbúð, gera það 8 stæði, auk þess þarf bílastæði fyrir verzlunarymi eða annan atvinnurekstur. Þá skal bent á að samkvæmt byggingareglugerð „Breyting nr. 4“ og er á vef Mannvirkjstofnunar, er tekið fram: Að a.m.k. 1 stæði sé fyrir hreyfihamlaða og sé lágmarksstærð

stæðis 3,8 x 5m. með tryggu aðgengi að gönguleiðum. Ekki verður séð á uppdrætti arkitekta að þetta ákvæði sé uppfyllt, hins vegar bent á að unnt sé að kaupa sig undan kvöð um bílastæði, með því að greiða bílastæðagjald til Reykjavíkurborgar. Ekki mun slík ráðstöfun leysa bílastæðavanda við Norðurbrún 2, heldur er sú leið til að velta vandamálinu yfir á nágranna og nærliggjandi húsalóðir. Slík hugmynd er svo fráleit, að byggingaraðili geti keypt sig frá kvöðum til að koma fyrir auknu byggingamagni á byggingareit, það verður mjög aukið álag í þau bílastæði sem fyrir eru og við næstu hús. Það bætir ekki lífsgæði þeirra sem í nágrenni eru, heldur hið gagnstæða. Íbúar og nágrannar eru þeir sem þurfa að lifa við þennan gjörning um ókomna tíð, en ekki sá sem tekur út væntanlegan gróða af sölu þessa byggingamagns.

Ef það er rétt skilið, að lagt sé til að gera nýja bílastæðalóð 84,5m² á annarri akreininni inn í Norðurbrún (Bílastæði merkt P5) en með því fer allur innakstur / útakstur frá Norðurbrún út á Austurbrún um eina akrein? Hver fer með eignarhald á slíkri lóð? Þrenging á innkeyrslu inn í Norðurbrún er slæm hugmynd, sem við höfnum algjörlega sem óhæfri. Slíkt þrengir einnig verulega að íbúum og gestum við dvalarheimilið Norðurbrún 1. Þrenging á Norðurbrún úr 7,5m. breiðri götu í 5,5m gengur varla upp, fyrir tvær akreinar. Allir íbúar og eigendur húsa við Norðurbrún hljóta að mótmæla slíkri breytingu. Bílastæðaskortur er nú þegar við dvalarheimilið að Norðurbrún 1. Er það ætlunin að farið verði að nýta frá þessu nýja háhýsi, bílastæði hinu megin götunnar við Austurbrún 4? Hönnun og skipulag bílastæða hefur áhrif á hegðun fólks. Við teljum að verulega vanti á, að umhverfis- og skipulagsráð hafi kynnt okkur, um hvað sé ætlunin að breyta, þrengja aksturs eða gönguleið í hvefið.

Aðkoma að húsinu við Norðurbrún 2 er slæm, útitröppur eru meðfram allri langhliðinni og 90 cm. háar tröppur eru fyrir gafli hússins að Norðurbrún. Hæð hússins samkvæmt tillögu arkitekta stingur mjög í stúf við hæðarlínu húsanna við Norðurbrún. Samkvæmt uppdrætti dags. í maí 1965 er hæðarkóti á þakbrún hússins 41,75, hæðarkóti á húsi við Norðurbrún 1 er u.þ.b. 44,00, en hæðarkóti á húsi nr. 4 við Norðurbrún er u.þ.b. 42,50. Samkvæmt tillögu arkitekta, er ætlunin að fara með hæð á Norðurbrún 2 í 48,00 og að auki fái lyfta og stigahús að fara í hæð 49,50. Við eigendur nærliggjandi húsa getum ekki fallist á eða samþykkt hækkun hússins upp fyrir hæðarlínu annarra húsa við Norðurbrún. Slík bygging sem fyrirhuguð er á lóðinni er óskapnaður, gnæfir yfir allt umhverfi. Íbúðarhúsin í efstu götu það er nr. 4,6,8,10 eru tveggja hæða parhús, sum þeirra að minnsta kosti eru ekki með fulla hæð á neðri hæð, þar sem ekki

var leyfð hærri hæð, þegar húsin voru byggð. Sé horft yfir húsin frá Austurbrún eru þau öll í álíka hæð. Þá gefur uppdráttur skuggavarps ekki nákvæma mynd af því hversu mikill skuggi fellur á lóðir nr. 4, 12, og 14, en sýnir þó að fyrirhuguð bygging tekur alla sól, a.m.k. tímabundið hvern dag frá íbúum húsanna, sem er á engan hátt boðlegt og hlýtur sú hugmynd að falla sjálfkrafa.

Breytingar á deiliskipulagi, í þessu tilfelli breyting á byggingamagni á einni lóð, er nauðsynlegt að sé gert í sátt við íbúa í hverfinu og ætti að gera að betra umhverfi, en áður var. Þeim sem upphaflega byggðu þetta hverfi, var gert að fara eftir þeim leiðarlínum sem settar voru í skipulagsskilmálum, því finnst okkur undarlegt að þeir sem nú ætla sér endurreisnarstarf, skuli ekki gera það innan þess ramma, sem settur var. Hins vegar má benda á, að yngri hús en húsið nr. 2 eru nú fjarlægð og ný byggð í staðinn. Væri ekki betri lausn að brjóta niður húsið, sem nú er á lóðinni og byggja tveggja hæða íbúðahús á lóðinni, innan gildandi skipulags, sem sé í svipaðri hæð og hús þau sem fyrir eru við götuna. Um það ætti að geta myndast sátt með eigendum þeirra húsa sem fyrir eru.

Sjá eftirfarandi lóðarstærð, byggingamagn á lóð og íbúðafjölda.

Norðurbrún 2	Lóðarstærð 775,0 m ²	Byggingamagn 461,0m ² verzlhús.
Norðurbrún 4	Lóðarstærð 917,0 m ²	Byggingamagn 227,6m ² , 2 íbúðir
Norðurbrún 6	Lóðarstærð 917,0m ²	Byggingamagn 257,9m ² , 2 íbúðir
Norðurbrún 8	Lóðarstærð 832,0m ²	Byggingamagn 251,5m ² , 1 íbúð
Norðurbrún 10	Lóðarstærð 832,0m ²	Byggingamagn 243,4m ² , 1 íbúð

Óskað er eftir því að við séum upplýst um hver sé eigandi eða umráðaaðili nefndrar lóðar, hver sækir um þennan byggingarétt og í nafni hvers.

Við leyfum okkur að vænta þess að tekið verði tillit til athugasemda okkar og slíkt fjölbýlishús verði ekki leyft að byggja á þessari lóð, enda í engu samræmi við íbúðarhúsabyggingu, sem fyrir er.

Við viljum ekki trúna því að óreyndu, að borgarráð Reykjavíkur ætli í þessu máli að ganga erinda verktaka á kostnað almannahagsmuna, það er okkar allra, sem eigum húsnæði í þessu hverfi. Væntum þess að borgarráð Reykjavíkur taki fyllsta tillit til óska okkar og ábendinga.

12

Íbúðarsveði með-austan lóðar

D.A.S. við Skippaveg. *Norðunbrúin.*

10. júní 1963.

Skilmálar fyrir parkásum:

1. Lóðin skal vera óskipt, og er henni úthlutað til þess að reisa á henni eitt parkás, tvær íbúðir. Cheimilt er að hafa íbúðirnar fleiri.
2. Flatarmál hvers háskelnings má vera allt að 130 m² og rúmmál 700 m³, bifreiðageymsla meðstalin. Áður en forn húsanna, þar með talið þakform, er ákveðið fyrir hvert parkás, er atlaust til að haft sé samráð við skipulagstjóra vegna samræmingu þess við mestu hús.
3. Hæð á þaki má vera allt að 0.8 m og öll hæð hússins frá gólfplötu allt að 6.3 m.
4. Bifreiðastæði þess, sem sýnt er á uppdrætti, má flytja til eftir staðsetningu bifreiðageymslu, en ekki má girða það frá götu.
5. Á lóðinni skal gera leiksvæði fyrir börn, a.m.k. 15 m² fyrir hvern íbúð.
6. Gera skal heildaruppdrátt af mannvirkjum á lóðinni.

Hæð á gólfplötu hvers húss verður ákveðin á heftarblöðum gatna- og holmsdeildar borgarverkfæðings.

Samþykkt af samvinnunefnd um skipulagsmál 18.-11.'63

" " borgarindi 3.-12.'64

f. k.
f. k.



Reykjavík 8. nóvember 2018

Hjálmar Styrkársson
Safamýri 79
108 Reykjavík

Erindi: Norðurbrún 2

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 19. október 2018 var samþykkt að endurauglýsa erindi varðandi breytingu á deiliskipulagi að Norðurbrún 2, framlengja athugasemdarfresti til 12. desember 2018 og birta sérstaklega leiðrétt skuggavarp. Í breytingu að Norðurbrún 2 felst að rífa núverandi verslunarhús og byggja nýtt íbúðarhús með verslun að hluta til á 1., 2. hæðin verður inndreginn frá suðvestri. Húsin verða því tvær hæðir og kjallari með verslun - og þjónustu á götuhæð og íbúðum á 1. og 2. hæð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Hagsmunaaðilar og nágrannar eru hér með upplýstir um að auglýsing hefur verið birt í Fréttablaðinu og Lögbirtingablaðinu þann 5. nóvember 2018 og eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar.

